

Alma skírir marga menn



Abínadí var spámaður. Hann kenndi fólkinu að trúa á Jesú og láta af öllu illu. Ranglátur konungur að nafni Nóa, reiddist Abínadí. Nóa vildi ekki iðrast.



Maður að nafni Alma trúði Abínadí. Hann komst undan og faldi sig fyrir reiðum konungnum. Hann sá eftir því að hafa breytt ranglega og iðraðist, í samhljóm við kennslu Abínadís.